

## 9. gr.

Fjármálaráðherra getur við sérstakar aðstæður veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar varðandi framkvæmd við sölu eigna ríkisins.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 51. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, sbr. 2. málsg. 70. gr. og 85. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. mars 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Sultartangalína 3, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin tekur til nýrrar línulegu sem er 50-60 metrum norðan við núverandi Sultartangalínu 1 með frávikum við Háafoss og Gullfoss auk þess sem línan fer suður fyrir núverandi línu vestan við Sandfell.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2002 eftirtaldir tillögur að deiliskipulagi:

- Deiliskipulag fyrir byggðarkjarna í Árnesi norðan Þjóðveggar númer 32 sem meðal annars felur í sér íbúðarsvæði, skólahúsnæði, tjaldsvæði, verslunar- og þjónustu-

byggingu og aðstöðu fyrir útivist og hestamennsku. Sunnan Þjóðveggar er gert ráð fyrir athafnasvæði á 15 lóðum.

- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu sem gerir ráð fyrir níu frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Kálfá sem gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag byggðar í Árnesi sunnan Þjóðveggar 32 þar sem gert er ráð fyrir 10 íbúðarhúsalóðum á stærðarbilinu 33.210 m<sup>2</sup> - 82.000 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og tekur þegar gildi.

*Árnesi, 6. mars 2003.*

**Ingunn Guðmundsdóttir** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

### 1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrjú:

- |                            |     |      |                |
|----------------------------|-----|------|----------------|
| a) Almennur úrgangur       | kr. | 2,25 | pr. kg án vsk. |
| b) Slátur- og fiskúrgangur | kr. | 3,50 | pr. kg án vsk. |
| c) Timbur                  | kr. | 1,50 | pr. kg án vsk. |

### 2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. apríl 2003.

### 3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarráði 12. desember 2002 og í bæjarstjórn 17. desember 2002. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá á fundi sínum 10. mars 2003.

*Akureyri, 17. mars 2003.*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.